

# SKILMÁLAR VEGNA BUNDINNA INNLÁNA

milli Seðlabankans og [●] sem mótaðila

## 1. Gildissvið og forsendur fyrirgreiðslu

- Skilmálar þessir gilda um bundin innlán sem Seðlabanki Íslands getur boðið þeim fjármálafyrirtækjum (hér eftir nefnt „mótaðili“) sem átt geta viðskipti við bankann. Skilmálunum er ætlað að lýsa réttarsambandi milli Seðlabankans og mótaðila.
- Forsenda fyrirgreiðslu Seðlabankans á grundvelli skilmála þessara er að fyrirgreiðslan sé eins áhættulaus fyrir Seðlabankann og heimilt er skv. íslenskum rétti.

## 2. Framkvæmd útboða á bundnum innlánnum

- Seðlabankinn tilkynnir eftir lokun markaða næsta viðskiptadag á undan útboðsdegi þá heildarfjárhæð í útboði bundinna innlána sem í boði er. Í tilkynningu er lýst binditíma innlána sem í boði eru.
- Tilboð í bundin innlán skal senda á þann hátt sem Seðlabankinn ákveður og tiltekið er í tilkynningu. Tilboð í bundin innláni skulu send innan þeirra tímamarka sem skilgreind eru í tilkynningu um útboð. Tilboð sem berast eftir þann tíma verða ekki tekin gild. Tilboð í bundin innlán eru bindandi fyrir mótaðila. Mótaðila er heimilt að breyta eða afturkalla tilboð sitt innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í tilkynningu.
- Tilboð í fjárhæð bundinna innlána skulu hlaupa á einni milljón íslenskra króna. Seðlabankinn getur í tilkynningu takmarkað það hlutfall af heildarfjárhæð sem mótaðilum er heimilt að gera tilboð í vegna útboðs bundinna innlána. Ef samanlögð tilboð eru hærri en heildarfjárhæð sem er í boði eru öll tilboð lækkuð í sama hlutfalli.
- Seðlabanki Íslands áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð, samþykkja hluta þeirra eða hafna öllum tilboðum sem berast í bundin innlán. Ef umframeftirspurn er eftir bundnum innlánnum er Seðlabankanum heimilt að hækka þá heildarfjárhæð sem er í boði.
- Niðurstaða útboðs er birt samdægurs á heimasíðu Seðlabankans. Í niðurstöðu er greint frá heildarfjárhæð í útboði, heildartilboðum í bundin innlán, teknum tilboðum, vöxtum og gjalddaga.
- Uppgjör bundinna innlána fer fram samdægurs. Seðlabankinn færir samþykka fjárhæð vegna tilboðs af viðskiptareikningi mótaðila. Með viðskiptareikningi er átt við stórgreiðslureikning mótaðila í millibankagreiðslukerfinu („MBK“).
- Beri útboðsdag upp eða gjalddaga upp á degi sem ekki er bankadagur býður Seðlabankinn bundin innlán næsta bankadag þar á undan nema annað sé ákveðið í tilkynningu. Bankadagur í skilmálum þessum er virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi.
- Berist Seðlabankanum tilboð með tölvupósti sbr. b.-lið eru þau alfarið á ábyrgð og áhættu mótaðila.
- Víkja má frá ákvæðum um framkvæmd útboða vegna einstakra útboða, í tilkynningu um viðkomandi útboð.

## 3. Heimild til innlausnar bundins innláns á binditíma

- Með heimild Seðlabankans getur mótaðili innleyst bundið innlán fyrir gjalddaga að hluta eða í heild, innan binditímans gegn greiðslu innlausnargjalds í formi innlausnarálags á innleysta fjárhæð. Innlausnarfjárhæð er greidd á viðskiptareikning mótaðila á innlausnardegi að viðbættum áföllnum vöxtum að frádregnu innlausnargjaldinu.
- Seðlabankinn ákveður innlausnarálag á bundin innlán og birtir á heimasíðu sinni.
- Umsókn um innlausn þarf að berast Seðlabankanum á bankadegi fyrir kl. 14:30 svo hægt sé að afgreiða hana samdægurs.

## 4. Vextir og frágangur bundinna innlána

- Seðlabankinn ákveður vexti bundinna innlána. Vextir eru greiddir á reikning mótaðila á gjalddaga. Séu vextir neikvæðir skuldfærir Seðlabankinn vextina af reikningi mótaðila á gjalddaga.
- Dagaregla við útreikning vaxta er í samræmi við ákvarðanir Seðlabankans um vexti.
- Mótaðili Seðlabankans heimil Seðlabankanum að skuldfæra samþykka tilboðsfjárhæð mótaðila af viðskiptareikningi viðkomandi á útboðsdegi. Á gjalddaga eignfærir Seðlabankinn viðskiptareikning mótaðila í Seðlabankanum.

## 5. Ábyrgð á samningum, skaðleysisfirlýsing

- Seðlabankinn eða mótaðili bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er Seðlabankinn eða mótaðili kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði Seðlabankans eða mótaðila, eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á póstkferfi, síma eða tölvupósti. Þá er

Seðlabankinn og mótaðili ekki ábyrgir fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.

- b. Seðlabankinn eða mótaðili bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnabanni.

#### 6. Ýmis ákvæði

- a. Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað mótaðila frá frekari fyrirgreiðslu samkvæmt skilmálum þessum ef mótaðili uppfyllir ekki lengur viðeigandi kröfur laga um Seðlabanka Íslands, reglur sem Seðlabankinn setur eða skilmála þessa.
- b. Mótaðili heimilar Seðlabankanum að skuldajafna bundna innlánið upp á móti öllum öðrum skuldbindingum milli mótaðila og Seðlabankans sem komnar eru á gjalddaga, svo að einungis greiðist mismunur ef einhver er, þar með talið í tilviki gjaldfellingar. Réttur Seðlabankans til skuldajafnaðar á við þó kröfur séu ekki samkynja enda miði Seðlabankinn þá við markaðsverð fjármuna í lok næsta dags áður en er skuldajafnað.
- c. Mótaðila er skylt að tilkynna Seðlabankanum þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á samband aðila, þ. á m. um allar fyrirliggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða öll atvik er leitt gætu til vanefnda á skuldbindingum mótaðila skv. skilmálunum.
- d. Mótaðili skal tilgreina hvaða starfsmenn eru tengiliðir við Seðlabankann vegna fyrirgreiðslu á grundvelli skilmála þessara. Mótaðili ber ábyrgð á þeim aðilum sem koma fram fyrir hans hönd í samskiptum við Seðlabankann.
- e. Mótaðili skal hafa samband við Seðlabankann ef upp koma álitaefni í tengslum við skilmála þessa: Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegur 1, 101 Reykjavík, Ísland, b.t. markaðsviðskipta, sími 569-9600, tölvupóstur: vedlan@sedlabanki.is.
- f. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- g. Skilmálar þessir eru settir á grundvelli laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og reglna um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands sem í gildi eru hverju sinni. Skilmálarnir gilda áfram þótt lögnum eða reglunum verði breytt, nema annað sé sértaklega tekið fram.

Framanrituðu til staðfestingar undirrita Seðlabankinn og mótaðili skilmála þessa með rafrænum skilríkjum